



Reglur fjölnotahúsnæðis Langanesbyggðar

1. gr.

Reglur þessar gilda um allt fjölnotahúsnæði í eigu Langanesbyggðar hvort sem er til leigu eða láns. Þessar reglur hafa að geyma fyrirmæli um afnot og umgengni um húseignir Langanesbyggðar sem og skyldur leigjenda gagnvart eiganda.

2. gr.

Reglurnar gilda um alla umgengni í og við húsnæði Langanesbyggðar. Skiptir þá engu hvort um gesti sé að ræða eða hvort aðilar séu með öðrum hætti í eða við húsnæði á vegum eða ábyrgð leigjenda/umráðaraðila.

3. gr.

Húsvörður/umsjónarmaður afhendir húsnæðið og skal úttekt fara fram við upphaf og enda umráðatíma. Umráðaaðilar húsnæðis í eigu Langanesbyggðar bera ábyrgð á því að umgengnisreglum sé fylgt í hvívetna. Við skil er þeim sem húsnæðið hafði til umráða skylt að afhenda það í sama ástandi og hann tók við því. Slíkt á við bæði um umhverfi innan- sem utandyra.

4. gr.

Reykingar eru með öllu bannaðar í húsnæði Langanesbyggðar.

5. gr.

Sorp og annan úrgang skal setja í þar til gerðar umbúðir og skal þeim lokað vandlega svo ekkert losni úr þeim. Sé húsnæði í útleigu skal leigjandi fjarlægja allt sorp við skil eða koma í þar til gerðar sorpgeymslur frá sveitarfélaginu.

6. gr.

Allt skemmtanahald skal vera í samræmi við landslög og í góðu samráði við lögregluyfirvöld. Við almennt dansleikjahald skal vera 18. ára aldurstakmark og miðast það við afmælisdag viðkomandi. Dansleikir með 16 ára aldurstakmarki eru ekki leyfðir í húsnæði Langanesbyggðar að því undanskildu að um vímulausa samkomu sé að ræða.

7. gr.

Tryggja skal við afhendingu eða lok viðburða að allar útihurðir séu læstar og húsnæði í því ástandi sem tekið var við því. Sveitarfélagið áskilur sér rétt að framkvæma úttekt á húsnæðinu við afhendingu eða lok viðburða.

8. gr.

Ef ágreiningur verður vegna hreinlætis í umgengni áskilur sveitarfélagið sér þann rétt að láta þrifa húseignina og umhverfi þess á kostnað leigutaka/umráðaraðila.

Reglurnar öðlast gildi við samþykki sveitarstjórnar